



Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

37. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Borg, mánudaginn 13. febrúar 2023 kl. 18:30.

Fundinn sátu:

Rúna Jónsdóttir

Guðrún S. Sigurðardóttir

Brúney Bjarklind Kjartansdóttir

Bergur Guðmundsson

Haraldur Páll Þórsson

Fundargerð ritaði Rúna Jónsdóttir.

1. Minnisblað sambandsins – ágangur búfjár.

Minnisblað lagt fram.

2. Minnisblað LEX .

Minnisblað lagt fram. Sveitarstjóri getur óskað eftir fundi með fjallaskilanevnd ef óskað er eftir hugmyndum að lausnum frá nefndinni.

3. Vesturleit í Grímsnesi.

Ræddar voru mögulegar breytingar á Vesturleit. Hvort eigi að smala aftur eins og var gert áður til að Vestur- og Austurleit séu að smala samhliða. Hvort eigi að gista í Gatfelli aftur. Mögulega breytingu á smölun vegna ónýtra girðinga frá Ingólfshólfi og upp Hrafnabjargarháls.

4. Smölun á hreppamörkum.

Rætt annars vegar um að tala við fjallaskilanevnd Laugdæla vegna smölunar á Laugarvatnsvöllum, að hún fari fram samhliða heiðarsmölun.

Og hins vegar rætt um að tala við fjallaskilanevnd Ölfus vegna smölunar á mörkum á og við Hengilsvæði.

5. Kerling.

Ræddar útfærslur á endurnýjun skála í Kerlingu.



Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

6. Girðingamál.

Ræddar girðingar í sveitarfélaginu og aðrar girðingar sem koma að okkar fé á fjalli.

Bókun girðingamál:

Fjallskilanevnd leggur til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leiti eftir því við Vegagerðina að girt verði sunnan vegar með Grafningsvegi, frá brú við Villingavatn að ristahliði á sveitarfélagsmörkum við Bláskógabyggð er engin veggirðing.

Fjallskilanevnd hvetur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps til að viðhalda afréttar/veggirðingum í eigu/umsjá sveitarfélagssins. Og að sveitarfélagið hvetji Bláskógabyggð til að sinna viðhaldi á sínum girðingum sem taka við girðingum í umsjá Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fjallskilanevnd hvetur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps til að eiga samtál við Bláskógabyggð og Þjóðgarð að þjóðgarðurinn verði girtur af.

Fundi slitið 21:30